

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 465/2019, um félagslegt leiguhúsnaði.

#### 1. gr.

D-liður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

D. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. 6.632.000 fyrir einstakling, en kr. 9.286.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.658.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 829.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. 7.158.000.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

#### 2. gr.

Í stað „þjónustumiðstöð“ í 1. og 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 8. gr., 3. mgr. 13. gr., 2. og 3. mgr. 16. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 26. gr. reglnanna, kemur í viðeigandi fallbeygingu: miðstöð Reykjavíkurborgar.

#### 3. gr.

Í stað „þjónustumiðstöðvar“ í 1. mgr., 3. mgr. og 4. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 2. og 4. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 26. gr. reglnanna kemur í viðeigandi fallbeygingu: miðstöðvar Reykjavíkurborgar.

#### 4. gr.

Í stað „þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis“ í 3. mgr. 3. gr. reglnanna kemur: Norðurmiðstöð.

#### 5. gr.

Í stað „starfsmenn“ í 4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 32. gr., 2. gr. 35. gr. og 1. mgr. 37. gr. reglnanna kemur: starfsfólk.

#### 6. gr.

Kaflinn *Tekjur á ársgrundvelli* í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði, í fylgiskjali 1 við reglurnar, breytist og verður svohljóðandi:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 6.632.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.310.974 til kr. 6.632.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.310.974	2

#### 7. gr.

Í stað „þjónustumiðstöð“ í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði (fylgiskjal 1 við reglurnar), matsviðmiðum varðandi húsnaði fyrir fatlað fólk (fylgiskjal 2 við reglurnar), matsviðmiðum varðandi húsnaði fyrir heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir (fylgiskjal 3 við reglurnar) kemur í viðeigandi fallbeygingu: miðstöð Reykjavíkurborgar.

#### 8. gr.

Breytingar á reglum þessum, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 1. mars 2023 og á fundi borgarráðs 9. mars 2023, og eru byggðar á XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991,

með síðari breytingum, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 24. mars 2023.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. apríl 2023